



Bekkur: 3.bekkur

Námsgrein: Heimilisfræði

Kennari: Ingibjörg Hólm Einarsdóttir

Tímafjöldi: 12x2 kennslustundir

Námsgögn: Heimilisfræði 3 (rafbók aðgengileg á mms.is), efni af ýmsum netsíðum, áhöld, búnaður og hráefni í kennslueldhúsi

Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

Tjáning og miðlun – Skapandi og gagnrýnin hugsun – sjálfstæði og samvinnu - Nýtingu miðla og upplýsinga – Ábyrgð og mat á eigin námi.

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex:

Læsi – Sjálfbærni – Lýðræði og mannréttindi – Jafnrétti – Heilbrigði og velferð – Sköpun.

Í námsgreininni er unnið með alla þessa þætti þó mismikið sé eftir árgöngum.

Hæfniviðmið:

Nemandi

- ✓ Þekkir fæðuflokkana í fæðuhringnum
- ✓ Fer eftir einföldum uppskriftum og fyrirmælum og útbýr einfaldar og hollar máltíðir
- ✓ Veit hvar best er að geyma algeng matvæli
- ✓ Sýnir skilning á hvers vegna sumar fæðutegundir eru hollari en aðrar
- ✓ Þekkir desilítramál, mæliskeiðar, sleif og sleikju
- ✓ Fer eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- ✓ Gengur gætilega um áhöld og tæki
- ✓ Vinnur í hóp
- ✓ Kemur fram af virðingu og kurteisi
- ✓ Vinnur vel og fer eftir fyrirmælum

Lokanámsmat: hæfniviðmið metin. Matskvarði: hæfni náð, þarfnast þjálfunar, hæfni ekki náð.

Í öllum tímum er lögð áhersla á vinnubrögð, samvinnu og þrif og unnið í vinnubók jafnt yfir tímabilið þar sem við á. Einnig er umhverfisvernd tengd daglegu starfi, s.s. að forðast matarsóun, flokkun á heimilissorpi og að ganga vel um vinnusvæðið.



Kennsluáætlun - birt með fyrirvara um breytingar á efni og röð verkefna

Verkefni	Viðfangsefni	Námsefni	Mat
Verkefni 1	Tekið á móti nemendum, afhent bók, rætt um samvinnu og umgengnisreglur í eldhúsinu, eldhúsið skoðað, rifjað upp heiti og notkun á áhöldum (verkefnablað)-kakó, 3-4 nem. saman - æfing í uppþvotti.	Bók, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 2	Eggjaréttur, hópavinna	Bók, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 3	Sólskinsdrykkur og heitt brauð í ofni, einstaklings - og hópvinna	Bók, búnaður, hráefni og efni af sykurmagn.is	Símat
Verkefni 4	Regnbogasúpa, hópavinna.	Bók, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 5	Grænmetisbakki með ídýfu, hópavinna.	Bók, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 6	Brauðbollur, sameiginleg deiggetur með kennara og síðan einstaklingsvinna.	Bók, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 7	Þeytingur, hópavinna - matur í gamla daga og núna, verkefni og umræður	Bók, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 8	Múffur, sameiginleg deiggetur með kennara og síðan einstaklingsvinna.	Bók, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 9	Slöngupylsur, sameiginleg deiggetur með kennara og síðan einstaklingsvinna.	Bók, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 10	Pizza, sameiginleg deiggetur með kennara og síðan einstaklingsvinna.	Bók, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 11	Þjóðlegt smakk, matur í gamla daga.	Bók, búnaður og hráefni.	Símat
Verkefni 12	Trallakökur (smákökur), hópvinna.	Bók, búnaður og hráefni.	Símat